



Reglur Kjósarhrepps um heimagreiðslu til foreldra

1.gr.

Skilgreiningar.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps setur reglur þessar, um að allir foreldrar og forráðamenn barna fái greiðslur frá lokum fæðingarorlofs þar til barn hefur leikskólavist eða verður 3ja ára.

Hámarksupphæð heimagreiðslu er kr.80.000.- á mánuði¹ fyrir hvert barn.

Upphæðin endurskoðast ár hvert við gerð fjárhagsáætlunar.

2.gr.

Skilyrði.

Greiðslur eru bundnar því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Kjósarhreppi.

Foreldrar eða forráðamenn eiga rétt á greiðslu þegar barn nær 12 mánaða aldri².

Nefndir aðilar sem eiga að einhverjum ástæðum ekki rétt á fæðingarorlofi í tólf mánuði geta sótt sérstaklega um að fá greiðslu frá 6 mánaða aldri barnsins.

Heimagreiðslur fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári.

Greiðsla fellur niður þegar barn nær 3ja ára aldri eða hefur dvöl á leikskóla.

3.gr.

Afgreiðsla.

Sækja þarf um heimagreiðslu á sérstöku umsóknareyðiblaði á skrifstofu Kjósarhrepps.

Réttur til greiðslu skapast í þeim mánuði sem sótt er um, ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.

Greiðslur eru eftirágreiddar fyrir einn mánuð í senn.

4.gr.

Viðurlög.

Verði um ofgreiðslu að ræða áskilur sveitarsjóður Kjósarhrepps sér rétt til endurgreiðslu, sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu.

Reglurnar voru uppfærðar miðað við nýju lögin um fæðingarorlof og eru samþykktar af hreppsnefnd Kjósarhrepps á fundi hennar þann 3. febrúar 2021

¹ Samþykkt í sveitarstjórn 3. september 2019 hækkun á greiðslum samþykkt í sveitarstjórn 15. desember 2022.

² **Barn fætt, frumættleitt eða tekið í varanlegt fóstur 2019**

Sjálfstæður réttur hvors foreldris um sig er 3 mánuðir sem almennt er ekki heimilt að framselja. Til viðbótar eiga foreldrar 3 sameiginlega mánuði sem annað foreldrið getur tekið í heild eða þeir skipt með sér. Heildarréttur er því 9 mánuðir.

Barn fætt, frumættleitt eða tekið í varanlegt fóstur 2020

Sjálfstæður réttur hvors foreldris um sig er 4 mánuðir sem almennt er ekki heimilt að framselja. Til viðbótar eiga foreldrar 2 sameiginlega mánuði sem annað foreldrið getur tekið í heild eða þeir skipt með sér. Heildarréttur er því 10 mánuðir.

Barn fætt, frumættleitt eða tekið í varanlegt fóstur 2021 eða síðar.

Sjálfstæður réttur hvors foreldris um sig er 6 mánuðir, heimilt er að framselja allt að 6 vikur til hins foreldris. Heildarréttur er því 12 mánuðir.